

RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/2543
komudagur 19.5.2011

SEK/

Reykjavík 18. maí 2011.

Tilv.: 201104-0404

670

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað umsagnar ríkissaksóknara um frumvarp til laga um fullnustu refsinga (rafrænt eftirlit og samfélagsþjónusta), 727. mál.


Um 2. gr. b (24. gr. b)

3. tl. Í greinargerð segir um þennan tölulið: “Í mörgum tilvikum geti það einnig átt við að aðrir menn búi einnig á dvalarstað fanga. Þykir nauðsynlegt að samþykki annarra heimilismanna liggi fyrir, eða eftir atvikum húsráðanda áfangaheimilis.....” Eðlilegt er að gera kröfu um að samþykki annarra íbúa liggi einnig fyrir og að slík krafa komi fram í lögnum en ætla má af þessum orðum greinargerðar að það hafi verið ætlunin við samningu frumvarpsins. Með hliðsjón af þessu er lagt til að 3. tl. verði breytt og hljóði svo: “húsráðandi og aðrir íbúar á dvalarstað fanga, og eftir atvikum forráðamenn ólöggráða íbúa, samþykki að fangi sé undir rafrænu eftirliti á dvalarstað þeirra”.

Nýr töluliður (7. töluliður). Frumvarpið gerir ráð fyrir því að það sé skilyrði þess að rafrænt eftirlit komi til álita að fangi hafi áður nýtt sér úrræði samkvæmt 1. mgr. 24. gr. með fullnægjandi hætti. Ljóst er m.v. þær kröfur sem Fangelsismálastofnun gerir til þeirra sem heimilað er að fullnusta refsingu utan fangelsis samkvæmt 1. mgr. 24. gr. að sú heimild er ekki veitt nema að viðkomandi eigi ekki óafgreidd mál hjá lögreglu eða ákærvaldi.

Ríkissaksóknari telur þó rétt að þetta sé berum orðum gert að skilyrði og verði látið koma fram í lögnum ásamt öðrum skilyrðum sem fangi þarf að uppfylla til að rafrænt eftirlit komi til álita. Hægt væri að hafa hliðsjón af orðalagi 3. mgr. 63. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005 varðandi skilyrði reynslulausnar, en þar segir: “Fanga, sem á mál til meðferðar hjá lögreglu, ákærvaldi eða dómstólum þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað, verður að jafnaði ekki veitt reynslulausn, enda sé málið rekið með eðlilegum hætti og dráttur á því ekki af völdum fangans.”

Í frumvarpinu er ekki ákveðið hvaða form verður haft á rafrænu eftirliti hvað varðar tæknilega útfærslu þess heldur segir einungis í 2. gr. (24. gr. a) “enda hafi hann á sér búnað svo að unnt sé að fylgjast með ferðum hans...” Samkvæmt greinargerð er miðað við eftirlitið verði notaðir farsímar sem föngum verði gert að ganga með og þeir símar verði með innbyggðum staðsetningarbúnaði og myndavél. Í ljósi þess að lögin taka ekki ákvörðun um þetta atriði og að útfæra þarf eftirlitið í heild er lagt til að í 80. gr. laga um fullnustu refsinga verði sett heimild fyrir ráðherra til að setja nánari reglur um rafrænt eftirlit í reglugerð.

Viðingarfyllst,

Sigríður J. Friðjónsdóttir
ríkissaksóknari

Sigr. Elsa Kjartansd.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir
settur vararíkissaksóknari

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík